

## Frumvarp til laga

### um breytingu á vopnalögum, nr. 16/1998 (bogfimi ungmenna).

Flm.: Björn Leví Gunnarsson, Andrés Ingi Jónsson, Bryndís Haraldsdóttir,  
Gísli Rafn Ólafsson, Hanna Katrín Friðriksson, Jódís Skúladóttir,  
Tómas A. Tómasson, Þórhildur Sunna Ævarsdóttir.

#### 1. gr.

31. gr. laganna orðast svo:

Barni yngra en 16 ára má ekki selja eða afhenda örvaboga með meiri togkrafti en 7 kg eða oddhvassar örvar nema til æfinga og keppni undir eftirliti lögráða einstaklinga.

#### 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

#### Greinargerð.

Frumvarp þetta var áður flutt á 151. löggjafarþingi (386. mál) og er nú endurflutt í óbreyttri mynd. Í skýringum við frumvarp til vopnalaga segir um 31. gr. að ákvæðið sé í samræmi við gildandi reglur, að það þyki eðlilegt að setja tiltekin takmörk við kaupum barna á bogum sem kunna að hafa slíkan togkraft að sérstakri hættu geti valdið. Þessi grein á sér enga hliðstæðu á Norðurlöndum og né í öðrum löndum sem setja hömlur á íþróttaiðkun ungmenna í bogfimi. Í flestum löndum eru engar hömlur á bogfimi eða bogum yfirhöfuð.

Ungmenni á Íslandi geta bara æft og keppt utan Íslands ef þau stefna til dæmis á Norðurlandamót ungmenna, Ólympíumót ungmenna og sambærileg mót. Í alþjóðlegum mótum er yngsti aldursflokkurinn í kringum 13 ára og eru þá oftast notaðir 15–25 kg bogar. Það gefur því auga leið að sú takmörkun sem er í vopnalögum kemur í veg fyrir æfingar og keppni ungmenna í bogfimi, en sú íþrótt hefur vaxið mjög mikið á undanförunum árum, bæði á heimsvísu og á Íslandi.

Núverandi fyrirkomulag 31. gr. vopnalaga kemur í veg fyrir að ungmenni geti stundað bogfimi og keppt í henni. Því er lagt til að bætt sé við skilyrði um að það megi selja eða afhenda örvaboga til æfinga eða keppni undir eftirliti lögráða einstaklinga.